

135

- a. Vottorð verzlunarstjóra E. Laxdals sem gjaldkera sparnaðarsjóðsins á Akureyri um, að prentsmiðjusjóðurinn ætti í sparissjóði 292 kr. 81 a.
- b. Skuldabrief kaupstjóra Tryggva Gunnarssonar fyrir 370 — » -
- c. Skuldabrief umboðsmanns Eggerts Gunnarssonar fyrir 330 — 72 -
- d. Veðskuldabrief ritstjóra Skapta Jósefssonar fyrir 208 — 12 -
- e. Veðskuldabrief Björns prentara Jónssonar fyrir 1200 — » -
með tveimur veðleifum.

Amtsráðið gaf formanni prentsmiðjunefndarinnar Eggert Gunnarssyni kvittun fyrir móttöknnni.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Christjánsson. Arnljótr Ólafsson. Davíð Guðmundsson.

136

Ár 1880, 26. dag maímán. var fundur amtráðsins í norður og austuramntinu settur af forseta ráðsins amtmanni Christjánssyni með amtsráðsmanni Einari Ásmundssyni og varaamtsráðsmanni Davíð Guðmundssyni.

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, er hjer eru talin.

1. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dagsett, 19. septbr. 1879, þar sem óskað er álits um ýms atriði í væntanlegri reglugjöf fyrir gagnfræðaskólann á Möðruvöllum. Amtsráðið ræddi þetta mál og kom fram með ýmsar tillögur þar að lútandi.
2. Á fundinum var tekið til umræðu brjef landshöfðingja 20. marz 1880, þar sem hann óskar álits ráðsins um brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu 3. s. m. þar sem sýslunefndin skýtur því undir úrskurð landshöfðingja, hvort 400 kr. veiting amtsráðsins til kvennaskólans á Laugalandi í Eyjafirði geti staðist eptir 54. gr. sveitarstjórnarlaganna, og fer þess á leit, að hún verði numin úr gildi. Amtsráðið gat eigi sjöð, að tjeð lagagrein sje neitt ámóti annari eins fjárveiting og þessari. Þau orð í greininni, sem sýslunefndin virðist byggja á: «Af þeim (jafnaðarsjóðunum) má ekki greiða nein útgjöld, án þess að heimild sje til þess í gildandi lögum eða ályktunum amtráðsins», banna alls ekki amtsráðunum að álykta um útgjöld af jafnaðarsjóðunum, þótt eigi sjeu þau beinlínis ákveðin með gildandi lögum, heldur banna þessi orð að eins amtmönnum að borga útgjöld úr jafnaðarsjóðnum, nema útgjöldin sjeu heimilud með lögum, eða að öðrum kosti með fjárveiting amtsráðsins. Álit sýslunefndarinnar virðist því vera byggt á hreinum og beinum misskilningi. Þess má jafnframt geta, að síðasta alþingi hefir skilið sveitarstjórnarlögin í þessari grein á allt annan veg en sýslunefndin, og öll amtsráð landsins hafa nú veitt meira eða minna af jafnaðarsjóðum sínum til kvennaskóla. Sundurliðun sýslunefndarinnar á kvennaskólunum í amtsskóla og sýsluskóla, á sjer að svo stöddu engan stað. Í kvennaskólanum á Laugalandi, er sýslunefndin vill álíta eyfirzkan sýsluskóla, hafa næstliðinn vetur verið lærimeyjar úr 7 af hinum 8 þójar- og sýslufjelögum amtsins, og þar á meðal bæði úr Skagafjarðarsýslu og úr sjálfri Húnavatnssýslu.
3. Á fundinum var þar næst rétt brjef landshöfðingja 16. apríl 1880 um beiðni hjeradslæknisins í 9. læknishjæraði um endurgjald fyrir nokkur læknisverkfæri, er hann hefir keypt. Amtsráðið var því mótfallið, að fje sje lagt úr jafnaðarsjóði til að kaupa lækningaverkfæri handa einu læknishjæraði, meðan engar almennar ákvarðanir eru til um það, að ákveðin verkfæri sjeu fengin og látin fylgja hverju lækniseimbætti.

4. Fram lagt brjef frá Friðbirni Steinssyni á Akureyri, 25. maí 1880, þar sem hann beiðist meðmæla amtsráðsins til þess, að sjer verði veittur svo sem 200 kr. styrkur upp í túnasljettun og aðra jarðabót á landskika nokkrum, sem hann hafði keypt á Oddeyri, af þje því, sem ætlað er amtinu af fjárveitingunni til eflingar búnaði. Amtsráðið áleit þetta fyrirtæki virðingarvert, en gat samt ekki mælt með þessari beiðni til landshöfðingja, með því að þje væri lítið fyrir hendi, þar sem þessu amti hlotnaðist að eins 4000 kr. af nefndri fjárveiting, og væri helmingurinn af því ætlaður búnaðarfjelögum; af hinum 2000 kr. væru þegar 1050 kr. veittar til sýningar og fröðslumála, og bænir komnar um allt að 2000 kr. mest til fröðslu í búnaðarlegum efnun. Ráðinu fannst það heldur ekki samsvara tilgangi þessarar fjárveitingar, að verja henni til styrks eða verðlauna fyrir verk, sem búíð væri að vinna. Amtsráðið skilur hina umræddu fjárveitingu til eflingar búnaði á þann hátt, að hún einkum miði til að styrkja unga og efnilega menn, sem líklegir eru til þess að geta orðið til frambúðar til þess að leiðbeina mönnum í búnaðarlegum efnun.
5. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, 27. jan. 1881, um skiptingu milli amtanna á því þje, sem veitt er í fjárlögunum 9. gr. C. 4. til eflingar búnaði í landinu. Í tilefni af þessu brjefti landshöfðingja lýsti amtsráðið yfir áliti sínu um eptirfylgjandi atriði.
- I. Amtsráðið áleit enga nauðsyn bera til að breyta að svo komnu því hlutfalli, sem komst á með dómsmálastjórnarbrjefti 26. febr. 1876 um skiptingar milli amtanna á því þje, sem ætlað er til eflingar búnaði. Hlutfall þetta er miðað við fólks-tölu amtanna, og virðist amtsráðinu þetta hinn eðlilegasti grundvöllur til að byggja á skiptinguna. Ef nú svo reyndist, við hið almenna fólkstal, sem verður á komanda hausti, að hlutfall fólkstölnunnar í ömtum landsins hefði raskast að nokkrum teljandi mun síðan 1870, áleit amtsráðið það rjett, að breyta skipting fjárins þar eptir.
- II. Amtsráðinu var eigi fullkunnugt um öll búnaðarfjelög í amtinu. Í allmörgum hreppum eru smáfjelög, sem ýmist kallast búnaðarfjelög eða framfarafjelög. Fá-ein þeirra eru búin að standa mörg ár, en flest eru nýlega stofnuð. Meðal hinna eldri er búnaðarfjelagið í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu, og framfarafjelagið í Grýtubakkahreppi í Þingeyjarsýslu. Af hinum yngri má nefna framfarafjelag Hrafnagilshrepps, Saurbøjarhrepps og Öngulsstaðahrepps í Eyjafjardarsýslu, sem standa í sambandi hvort við annað. Nú á þessu vori mun vera stofnað búnaðarfjelag í hverjum hreppi sýslunnar, og er í áformi að þau sameini sig í eina deild sem hjeradsfjelag. Í Fellnahreppi í Norður-Múlasýslu er nýstofnað búnaðarfjelag. Í Skagafirði er enn fremur nýlega stofnað svo kallað kynbótafjelag, sem setur sjer það ætlunarverk að bæta kyn hesta, nauta og sauða, en amtsráðinu er lítið kunnugt um framkvæmdir fjelags þessa. Hin elzta og helzta stofnun í amtinu til eflingar búnaði er búnaðarsjóður amtsins, sem stendur undir stjórn amtsráðsins, og sem á 4000 kr. höfuðstól. Vöxtum hans hefir á seinni árum einkum verið varið til að kaupa og innleiða ný jarðyrkjuverkfæri.
- III. Af þeim 10000 kr., sem fjárlögin 1880—1881 veita hvort árið fyrir sig til eflingar búnaði, vonaði amtsráðið eptir því, sem skýrt er frá að framan, að þessu amti hlotnist 4000 kr. alls þetta yfirstandi ár. En þegar amtsráðið nú eptir fyrirmælum landshöfðingja ætti að gjöra ákveðna tillögu nm, hvernig skipta skyldi helmingi þessarar upphæðar milli búnaðarfjelaga þeirra, sem nú væru í

amtinu, þá sá ráðið sjer þetta eigi fullkomlega fært að svo stöddu vegna ókunnugleika um hagi og framkvæmdir fjelaganna. Tillaga amtsráðsins var því sú, að landshöfðingi annaðhvort frestaði fjárveiting til fjelaganna fyrst um sinn, unz ráðið hefði útvegað sjer nákvæmari skýrslur um þau, eða að hann að öðrum kosti vildi veita búnaðarsjóði amtsins þær 2000 kr., sem hjer ræðir um, og leyfa að amtsráðið aptur á sínum tíma styrkti fjelögin úr sjóðnum. Ráðið hafði líka nokkra ástæðu til að halda, að það hefði verið ætlun fjárlaganefndarinnar í nedri deild alþingis 1879, er bætti inn í fjárlagafrumvarpið þeirri ákvörðun, að helmingur fjárins til eflingar búnaði gengi til búnaðarfjelaga og búnaðarsjóða, að þessum helmingi yrði helzt skipt beinlínis milli búnaðarfjelagsins í suðuramtinu, og búnaðarsjóðanna í vesturamtinu og í norður- og austuramtinu.

6. Framlagt brjef sýslumansins í Skagafjarðarsýslu, 21. febr. 1881 um að fá meðmæli amtsráðsins með því, að sýslunefnd Skagafjarðarsýslu veitist allt að 300 kr. styrkur til sýningar, sem fyrirhuguð væri hjá Garði í Hegranesi 10. maí 1880. Amtsráðið veitti í þetta skipti meðmæli sín með beiðni þessari sbr. amtsráðsfundarskýrslu, 25. febr. 1880, n. 3.
7. A fundinum voru tekin til umræðu 5 brjef frá landshöfðingjanum, þar sem óskað er álits amtsráðsins um ýmsar fjárbætur af þeirri upphæð, sem veitt er til eflingar búnaði í 9. gr. b. 4. fjárlaganna; þessi brjef voru:
 - a. brjef, dagsett 22. marz um 500 kr. til kynbótafjelags Skagfirðinga, og skyldi þetta lagt til verðlauna þeim, sem hefðu beztu skepnur. Amtsráðinu var eigi nógu kunnugt um framkvæmdir þessa fjelags (sbr. 5. tölulið hjer að framan) og gat því ekki mælt fram með þessari beiðni, enda hafði amtsráðið mælt fram með því, að sýslunefnd Skagfirðinga fengi 300 kr. styrk til gripasýningar á þessu ári (sbr. 6. tölulið), og yrði þessi styrkur veittur, mundi mikill hluti hans ganga til verðlauna handa þeim, er sýna hinar álitlegustu skepnur.
 - b. brjef 4. maí 1880 um 600 kr. fjárbón Gunnars Ólafssonar í Ási í Hegranesi til að kaupa fyrir útlend tóskaparverkfæri. Amtsráðið mælti með því, að hann fengi 356 kr. styrk til þessa, með því meira fje eigi mundi vera fyrir hendi.
 - c. brjef 5. maí 1880 um óákveðinn fjárstyrk, er sýslunefnd Suður-Þingeyinga hefir sótt um, til þess að fenginn yrði veiðifróður maður frá Noregi til að kenna betri aðferð, en tíðkast hefir við lax- og silungsveiðar, og til að kenna mönnum að klekja út og ala upp þessar fiskitegundir. Þótt amtsráðið yrði að álita að mál þetta væri mjög þarflegt, þá virtist því, að tímaleysi og fjárleysi yrði í þetta skipti að vera því til fyrirstöðu, að átt yrði við slíkt fyrirtæki á þessu ári, en ráðið mundi mæla hið bezta fram með beiðninni til næsta árs.
 - d. brjef 7. maí 1880, um 400 kr. fjárbón Páls Jóakímssonar úr Þingeyjarsýslu til að stunda búfræðisnám á búnaðarskólanum á Stend í Noregi. Amtsráðið mælti fram með þessari fjárveiting, en sjer eigi ráð til að veita manni þessum í ár meir en 238 kr.
 - e. brjef sama dag um 800 kr. styrk, er Magnús Þórarinsson úr Þingeyjarsýslu hefir sótt um til utanferðar til að læra ýmislegt, er lýtur að tóvinnu og tóvjelasmíði. Amtsráðið mælti hið bezta fram með þessari fjárbón, en sá eigi ráð til að veita af fje því, er getur um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna, meira en 356 kr.

Þær 2000 kr., sem amtið bjóst við, að úthlutað yrði í ár úr landssjóði til þessa amts til eflingar búnaði, auk þess er úthlutað yrði til búnaðarsjóðs og búnaðarfjelaga, ætlaði ráðið að mundi skiptast þannig:

til gripasýningar í Eyjafjarðarsýslu	300 kr.	136
— — — í Skagafjarðarsýslu	300 —	
— Sigurbjargar Friðriksdóttur á Akureyri (sbr. brjef landshöfðingja, 29. janúar 1879)	200 —	
— Páls Eyjólfssonar úr Múlasýslu	250 —	
— Páls Jóakimssonar úr Þingeyjarsýslu	238 —	
— Gunnars Ólafssonar úr Skagafjarðarsýslu	356 —	
— Magnúsar Þórarinssonar úr Þingeyjarsýslu	356 —	
Samtals		2000 kr.

8. Forseti framlagði brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, 24. febr. 1880, þar sem þess er farið á leit fyrir hönd sýslunefndarinnar, að kvennaskólanum í Skagafirði verði veittur úr amtssjóði allt að því 200 kr. styrkur. Amtsráðið ályktaði, að veita skólanum þær 100 kr., sem óveittar eru af fje því, sem í þessa árs áætlun eru lagðar til menntunarmála.
9. Forseti lagði fram brjef Sveins Sveinssonar búfræðings, 15. jan. 1880, þar sem hann sækir um að fá 30 kr. veittar fyrir hestlán og verkferaf lutning á ferðum sínum um Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur sumarið 1879. Amtsráðið ályktaði, að veita þessa upphæð af búnaðarsjóði norður- og austuramtsins.

Fleiri mál komu eigi til umræðu á þessum fundi.

Christjánsson. Einar Ásmundsson. Davíð Guðmundsson.

Ár. 1880, 2. dag ágústm. var fundur amtráðsins í norður- og austuramtinu settur af forseta ráðsins, amtmanni Christjánssyni með amtráðsmönnum Arnljóti Ólafssyni og Einari Ásmundssyni. 137

Á fundinum voru tekin til meðferðar og umræðu þau mál, er hjer eru talin.

1. Var endurskoðaður reikningur jafnaðarsjóðs amtsins fyrir árið 1879, er áður hafði verið send hinum kosnu amtráðsmönnum til skoðunar; höfðu engar athugasemdir verið gjörðar við reikninginn, og var hann nú samþykktur.
- Þvínæst var rannsakaður reikningur um búnaðarskólagjald í amtinu 1879, og fannst það athugavert við hann, að búnaðarskólagjaldið úr Þingeyjarsýslu er tekið oflítið um 11 kr. 94 aur. og úr Norðurmúlassýslu um 1 kr. 17 aura. Að því leyti, er búnaðarskólagjaldið úr Þingeyjarsýslu snertir, hefir sýslumaðurinn þar sagzt hafa ofgildið það árin 1875—1878 um 2 kr. 27 aura á ári, þar sem hann hefði eigi fengið gjald þetta greitt af brennisteinsnámunum, er útlendir menn hafa til leigu, og hefir hann dregið þessa upphæð frá fyrir 4 árin, eður 9 kr. 8 aur. frá gjaldinu fyrir árið 1879, og svo fyrir hið sama ár einnig 2 kr. 86 aur., en það er af enn þá fleiri fasteignarhundruðum, en námarnir eru metnir. Eptir leigusamningi 13. apríl 1872, sem prentaður er í tíðindum um stjórnamálefni Íslands, III. bls. 459, er leigöndum námanna skýlaust gjört að skyldu, að svara öllum þeim sköttum og skyldum, er almenn landslög ákveða, að leiguliðar svari, og verða þessir menn því engan veginn undan skildir greiðslu búnaðarskólagjaldsins. Í Norður-Múlasýslu hafði sýslumaðurinn dregið frá búnaðarskólagjald af jörðunum Sænautaseli, Veturhúsum, Brú og Brattagerði af þeirri ástæðu, að þær væru í eyði, eður að eigi væri búið á þeim, þótt jarðir þessar á annan hátt meir eða minna mundi vera notaðar eins og flestar aðrar eyðijarðir í amtinu, sem búnaðarskólagjald er greitt af, og virðist því